



Móttökuáætlun Heilsuleikskólans Holtakots



Á vorönn 2012 var búin til móttökuáætlun í Heilsuleikskólanum Holtakoti um það hvernig taka eigi á móti nýjum börnum sem koma í leikskólann.

Áætlunina vann Elva Dögg Kristjánsdóttir, leikskólakennari í samráði við Ragnhildi Skúladóttur, leikskólastjóra.

Um yfirlestur sá Helga Björk Jónsdóttir, grunnskólakennari.

Móttökuáætlun Heilsuleikskólans Holtakots er unnin með góðfúslegu leyfi frá starfsfólki á Leikskólanum Norðurbergi í Hafnarfirði.

Áætlunin var yfirfarin í október 2018.

Efnisyfirlit

Móttökuáætlun Holtakots.....	4
.....	4
Aðlögun Nýrra barna (þátttökuaðlögun) - Lesefni fyrir starfsmenn.	5
Rökstuðningur.....	6
Tölvupóstur til foreldra - íslenska	7
Tölvupóstur til nýrra foreldra - enska.....	8
Aðlögun í Heilsuleikskólann Holtakot.....	9
Aðlögunartími barna.....	10
Adjustment procedures for Holtakot Health kindergarten.....	11
Adjustment plan	12
Aðlögunartíminn.....	13
(Börn sem eru að koma af öðrum leikskólum).....	13
Adjustment plan	14
(Fyrir börn sem eru að koma af öðrum leikskólum)	14
Upplýsingar fyrir foreldra	15
Information for parents.....	15
ÞAÐ SEM Á AÐ VERA Í AUKAFATAKASSA.....	16
(WHAT EXTRA CLOHTES SHOULD BE IN THE BOX)	16
Uppákomudagar á leikskólanum/Special days at the schools.....	17
Samtalið.....	24
Foreldrasamtal.....	25
Teacher - parent conversation	28
ORÐABÓK BARNINS.....	32
Aðlögun á milli deilda.....	33
Aðlögun barna af erlendum uppruna - atriði sem vert er að hafa í huga.....	34
Atriði sem vert er að hafa í huga þegar börn læra nýtt tungumál - fyrir starfsmenn.....	36
Gátlisti fyrir foreldrasamtal 2 - Deildarstjóri	39
Endurmat foreldra	40
Endurmat á aðlögun.....	41



Móttökuáætlun Holtakots

Erlendir
foreldrar

Purfa foreldrar
túlk?

Jafnréttishús
Sími: 5340107

Leikskólastjóri sendir bréf til foreldra þar sem þeim er boðið leikskólapláss. Foreldrar þurfa að hringja til þess að staðfesta dvöl barnsins.

Deildarstjóri sendir foreldrum upplýsingar um fyrsta aðlögunardag barnsins.

Deildarstjóri les eyðublað 6 með atriðum sem gott er að hafa í huga fyrir fyrsta samtali. Tveir starfsmenn sitja samtali við erlenda foreldra.

Deildarstjóri sendir tölvupóst á foreldra og boðar þá í fyrsta viðtali. Í viðhengi við tölvupóst fá foreldrar sendar upplýsingar um aðlögun og þá fundi sem þau eiga að mæta á. Þar koma fram upplýsingar um leikskólann og hvernig aðlögun barnsins verður háttað.

Starfsmaður sem sér um aðlögun barnsins um aðlögun erlendra barna.

Hólf barnsins er merkt með nafni þess.

Erlendir foreldrar eru beðnir um að fylla út orðabók barnsins

Foreldrar koma í fyrsta samtali við deildarstjóra. Foreldrasamtalsblað er fyllt út.

Starfsmenn lesa um máltöku tvítýngdra barna

Starfsmenn lesa um aðlögun nýrra barna.

Að einum til tveimur mánuðum liðnum er foreldrum boðið að koma í foreldrasamtali og fara yfir hvernig hefur gengið.



Aðlögun Nýrra barna (þátttökuaðlögun) – Lesefni fyrir starfsmenn.

- Barnahópnum skipt upp í tvo jafna hópa í aðlögun.
- Aðlögunarferli hvers barns tekur tvær vikur.
- Einni til tveimur vikum áður en aðlögun hefst koma foreldrar barnanna í samtal við deildarstjóra (eyðublað merkt Foreldrasamtal fyllt út).
- Í fyrstu viku aðlögunarinnar mæta börnin ásamt foreldrum sínum í leikskólann.
 - Dagur 1: Kl. 9.00 - 12.00
 - Dagur 2: Kl. 8.30 - 13.30 (eða þar til barnið vaknar nái það að sofna í hvíld)
 - Dagur 3: Kl. 8.30 - 15.00
- Á fjórða degi mætir barnið kl. 8.30 og dvelur til kl. 15.00. Barnið borðar morgunmat með foreldrum og foreldrar kveðja fljótlega eftir morgunmat en eru á bakvakt og beðnir að koma aftur ef illa gengur.
- Fimmta daginn mætir barnið á sínum vistunartíma, foreldrarnir kveðja fljótlega og sækja svo barnið kl. 15.00 ef allt gengur vel.
- Í annarri viku eru börnin á sínum vistunartíma í leikskólanum og foreldrar eru beðnir um að sækja börnin kl. 15.00 til að koma í veg fyrir að þau verði óörugg.
- Í byrjun þriðju viku hefst aðlögun seinni hópsins og er sú sama og hjá þeim börnum sem mættu í fyrstu viku í aðlögun.
- Ef börn koma ekki í hópaðlögun, af einhverjum ástæðum, þá eru þau aðlöguð einstaklingslega, en aðlögunarferlið er það sama og þegar um hópaðlögun er að ræða.

Rökstuðningur

- Styttri aðlögunartími, sem þýðir að eðlilegt leikskólastarf getur hafist fyrr að hausti.
- Starfsfólk og foreldrar kynnast betur, og foreldrar kynnast einnig betur innbyrðis. Foreldrar kynnast leikskóladeginum á annan hátt og eiga þá vonandi auðveldara með að skilja barnið eftir á leikskólanum.
- Ef fleiri en einn starfsmaður sjá um aðlögun lærir barnið strax að deila sínum starfsmanni með hinum börnunum, þ.e. að hann hafi hann ekki út af fyrir sig.
- Aukið álag á starfsfólk og börn sem fyrir eru á deildinni varir í styttri tíma.
- Aftast í móttökuáætlun er eyðublað þar sem hægt er að koma með ábendingar um það sem betur má fara í aðlöguninni. Aðlögunarferlið verður síðan tekið til endurskoðunar að tvisvar á ári eða eftir hverja aðlögun.



Tölvupóstur til foreldra - íslenska.

Textinn hér fyrir neðan er sendur foreldrum í tölvupósti. Í viðhengi með tölvupóstinum sendir deildarstjóri upplýsingar um leikskólann og aðlögun barnsins. (ATH. Rauði textinn fer ekki með í tölvupósti)

Komið þið sæl (**Nafn foreldris**) og fjölskylda!

Nú er komið að því að (**Nafn barns**) hefji leikskólagöngu sína hér í Heilsuleikskólanum Holtakoti. Í viðhengi við þennan tölvupóst er skjal sem inniheldur upplýsingar um aðlögun (**hans/hennar**). Þar má einnig finna upplýsingar um leikskólann og hvað barnið þarf að hafa með sér. Nánari upplýsingar um leikskólann má finna á heimasíðu hans

<http://www.holtakot.is>

Athugið að staðfesta þarf við leikskólastjóra hvort þið þiggið plássið.

Vinsamlegast látið vita í síma 5502340 eða á netfangið

ragnhildursk@leikskolarnir.is Ef ekki er haft samband innan sjö (7) virkra daga frá dagsetningu þessa bréfs er litið svo á að ekki sé óskað eftir vistun.

Foreldri/foreldrar eiga að mæta í samtali við deildarstjóra _____daginn ____ kl. ____.

(Nafn barns) mætir svo í leikskólann _____daginn ____ kl. 8.30 ásamt foreldri/foreldrum.

Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin og hlökkum til að sjá ykkur.

Ragnhildur Skúladóttir leikskólastjóri, (**Nafn deildarstjóra**) og félagar á (**Nafn deildar**).

Vinsamlegast látið vita þegar þið hafið mótttekið póstinn.



Dagsetning: _____

Tölvupóstur til nýrra foreldra - enska.

Textinn hér fyrir neðan er sendur foreldrum í tölvupósti. Í viðhengi með tölvupóstinum sendir deildarstjóri upplýsingar um leikskólann og aðlögun barnsins (ATH. Rauði textinn fer ekki með í tölvupósti).

Hi **(Nafn foreldris)** and family!

(Nafn barns) is coming to the Health-School Holtakot in Álftanes.

Attached to this e-mail is a document which includes information about the adaptation of your child. Information about the kindergarten and what the child needs to bring with him/her are also included.

Further information about the Kindergarten can be found on our web-page www.holtakot.is

Please note you have to confirm to the headmaster if your child will be attending the school or not. Please verify by phone, 5502340 or by e-mail at ragnhildursk@leikskolarnir.is within 7 days from the date of this e-mail, if you do not respond it is as if you do not accept a place in the kindergarten.

Parent(s) shall meet head-teacher of the child's class for an interview on _____ (day), _____ (date) at ____ (time).

(Nafn barns) first day will be on _____ (day/date) at 8.30

We look forward to meeting you.

Ragnhildur Skúladóttir principal, **(Nafn deildarstjóra)** and the staff at **(Nafn deildar)**.

Please confirm you have received this e-mail by sending a reply.



Aðlögun í Heilsuleikskólann Holtakot.

Nafn barns: _____ kennitala: _____



Aðlögun er sá tími sem barn kynnist starfsfólki, börnum, húsakynnum og umhverfi leikskólans. Einnig getur verið æskilegt að gefa barni tíma til aðlögunar eftir að hafa verið lengi fjarverandi frá leikskólanum.

Aðlögun er ekki einungis aðlögun barnsins, heldur einnig tími fyrir foreldra og starfsfólk til þess að kynnast. Með góðum aðlögunartíma aukast tengsl milli foreldra og starfsfólks, sem getur stuðlað að því að hið sameiginlega uppeldisstarf gengur betur. Reynslan hefur líka sýnt að þegar aðlögun er gefinn góður tími í upphafi hafi það jákvæð áhrif á líðan barnsins í leikskólanum. Aðlögun barnsins tekur þrjá daga og eru foreldrar með því allan þann tíma. Foreldrar sjá alfarið um barnið, gefa því að borða, skipta um bleiur, sitja í samverustundum o.s.frv. Starfsmenn eru foreldrum og börnum innan handar á aðlögunartímanum. Með þessu teljum við að barnið öðlist fyrr öryggi í leikskólanum. Aðlögunardagarnir eru mjög mikilvægir fyrir barnið til að stuðla að vellíðan þess í leikskólanum í framtíðinni.



Aðlögunartími barna

Dags. _____ frá _____ til _____

Samtal foreldra án barns við deildarstjóra. Gera má ráð fyrir að samtalið taki allt að tveimur klukkustundum.

Dagur 1: Dags _____ frá 9.00 til 12.00

Barnið mætir ásamt foreldri/foreldrum og tekur þátt í starfsemi deildarinnar. Það borðar hádegismat og fer síðan heim.

Dagur 2: Dags _____ frá 8.30 til 13.30

Barnið mætir ásamt foreldri/foreldrum og tekur þátt í starfsemi deildarinnar. Það borðar morgunmat, hádegismat og fer í hvíld. Þegar barnið vaknar fer það heim.

Dagur 3: Dags _____ frá 8.30 til 15.00

Barnið mætir ásamt foreldri/foreldrum og tekur þátt í starfsemi deildarinnar. Það borðar morgunmat, hádegismat, fer í hvíld og er í nónhressingu. Eftir síðdegishressingu fer barnið heim.

Dagur 4: Dags _____ frá 8.30 til 15.00

Barnið mætir ásamt foreldri/foreldrum og borðar morgunmat. Foreldrar kveðja að morgunmat loknum og eru á bakvakt. Ef allt gengur vel er barnið sótt kl. 15

Dagur 5: Dags _____ frá _____ til 15.00

Foreldri/foreldrar og barn koma á tilsettum tíma. Foreldrar kveðja barnið fljótlega og sækja það kl. 15.00 ef allt hefur gengið að óskum. Foreldrar og starfsmenn meta hvernig hefur gengið og ákveða framhaldið. Foreldrar eru beðnir að sækja barnið snemma, kl. 15 fyrstu vikuna til þess að koma í veg fyrir að barnið verði óöruggt.

Verið hjartanlega velkomin á (**nafn deildar**), við hlökkum mikið til að sjá ykkur.

Starfsfólk (**nafn deildar**)

Adjustment procedures for Holtakot Health kindergarten

Child's name _____ Social security number _____



The adjustment period is necessary for a children so that they can familiarise themselves with the teachers and classmates, and facilities at Holtakot. It may be preferable for a child that has been away for a long period of time to be allowed to readapt to the schools environment.

The adjustment does not only benefit the child as it also allows parents and teachers to become better acquainted, which in return can lead to a better cooperation and success in the child´s education. Experience has also shown that when a child is allowed good time to adapt to the new school and its teachers and students, the more likely it becomes for the child to feel happy and safe in its new environment.

The adjustment period takes three days and the parents are requested to stay with the child during this time and follow its daily routine (feeding, diaper changing, group gatherings etc.). The child and its parents will be in the care of a designated member of staff the whole time.

We consider this adjustment period to be the most effective way for the child to feel safe and secure in the school and wish you all the best of luck.



Adjustment plan

Date. _____ from _____ to _____

Parent - teacher meeting, without the child. Expected duration 1 - 2 hours.

Day 1. Date _____ from 9.00 to 12.00

The child comes with its parent(s) and participates in the daily routine. The child eats lunch at the kindergarten and then goes home.

Day 2 Date _____ from 8.30 to about 13.30

The child comes with its parent(s) and participates in the daily routine. The child eats breakfast and lunch before taking a nap and going home.

Day 3 Date _____ from 8.30 - 15.00

The child comes with its parent(s) and participates in the daily routine. The child eats breakfast and lunch, takes a nap and has afternoon refreshments before going home.

Day 4 Date _____ from 8.30 to 15.00

The child and parent(s) come and have breakfast together. The parents leave after breakfast, but are available by phone if needed.

Day 5 Date _____ from _____ to 15.00

Parent(s) and child come to kindergarten according to schedule. The parents soon say good bye to the child and if everything goes well pick it up at 15.00. Parent(s) and staff evaluate how the day has progressed and decide on how to continue. Parents are requested to pick up their child early, at 3 o'clock during the next week to prevent them from becoming insecure.

We welcome you to (name of class) and look forward to meeting you.

Staff of (nafn deildar)

Aðlögunartíminn

(Börn sem eru að koma af öðrum leikskólum)

Dags _____ frá _____ til _____

Samtal foreldra án barns við deildarstjóra. Gera má ráð fyrir að samtalið taki allt að tveimur klukkustundum.

Dagur 1 Dags _____ frá 9.00 til 11.00

Barnið mætir ásamt foreldri/um og tekur þátt í starfsemi deildarinnar. Foreldri er með barninu allan tímann.

Dagur 2 Dags _____ frá _____ til _____

Barnið mætir á sínum tíma að morgni og borðar morgunmat. Foreldrar dvelja hjá barninu eftir þörfum. Barnið tekur þátt í starfsemi deildarinnar og borðar hádegismat. Barnið dvelur í u.þ.b. sex tíma á leikskólanum. Foreldrar og starfsmenn meta hvernig hefur gengið og ákveða framhaldið. Foreldrar eru beðnir að sækja barnið í fyrra fallinu fyrstu dagana.

Verið hjartanlega velkomin á (nafn deildar). Við hlökkum til að sjá ykkur.



Adjustment plan

(Fyrir börn sem eru að koma af öðrum leikskólum)

Date _____ from _____ to _____

Parent - teacher meeting without the child. The expected duration for the meeting about 1 - 2 hours.

Day 1 Date _____ from 9.00 to 11.00

The child arrives at the kindergarten with it's parent(s) and participates in the daily routine. Parents are with the child the whole time.

Day 2 Date _____ from _____ to _____

The child arrives at the kindergarten according to schedule and enjoys breakfast. Parents stay with the child as needed. The child participates in the daily routine and has lunch. The child stays for approximately 6 hours. Parents and teachers evaluate the progress and decide on how to continue. Parents are requested to pick up their child early during the first week.

We welcome you to (nafn deildar) and look forward to meet you.



Upplýsingar fyrir foreldra Information for parents

Nafn deildar/name of the class:

Deildarstjóri/head teacher:

Annað starfsfólk deildar/other employees in class:

Netfang deildar/the class e-mail:

Leikskólastjóri/principal: Ragnildur Skúladóttir

Aðstoðarleikskólastjóri/ vice-principal: Elva Dögg Kristjánsdóttir

Símanúmer leikskólans/the schools phonenumber:

550-2340 Gsm (Ragnildur) 821-5018

Netfang skólans/ the schools e-mail: ragnildursk@leikskolarnir.is

Heimasíða skólans/the schools webpage:

www.holtakot.is



ÞAÐ SEM Á AÐ VERA Í AUKAFATAKASSA (WHAT EXTRA CLOTHES SHOULD BE IN THE BOX)

2 x nærföt - samfellur, nærbuxur og nærbolir (2 x underwear - underpants and shirt)

2 x sokkar (2 x socks)

1 x sokkabuxur (1 x tights)

1 x buxur (1 x trousers)

1 x peysa (1 x sweater/jumper)

1 x bolur (1 x t-shirt)

ÚTIFÖT SEM BARNIÐ ÞARF AÐ HAFNA MEÐ Í LEIKSKÓLANN

(OUTDOOR-CLOTHES THE CHILD NEEDS FOR SCHOOL)

Kuldagalli (winter overalls)

Úlpa (winter coat)

Húfa (warm hat)

Regnjakki (rain coat)

Regnbuxur (waterproof trousers)

Hlýir sokkar (warm socks)

Vettlingar (mittens)

Hlý peysa (warm jumper)

Kuldaskór (winter boots)

Stígvél (rain boots)

Strigaskór (sneakers)

Munið að merkja allan fatnað barnsins. Remember to put the child's name on all the clothes.



Uppákomudagar á leikskólanum/Special days at the schools

Janúar/Januar:

Vasaljósadagur/flashlight day: Börnin koma með vasaljós að heiman og fá að leika með þau í myrkrinu úti og inni.

Children can bring a flashlight from home to play with in the dark at school.

Bóndadagur - pabba og afa kaffi/Fathers and grandfathers coffee: Feðrum og öfum er boðið í bóndadagskaffi á bóndadaginn. Boðið er upp á kaffi og þorramat. Fathers and grandfathers are invited for a visit and offered coffee and traditional Icelandic food.

Febrúar/February

Dagur leikskólans 6. Febrúar/Day of the kindergarden 6. February: Haldið upp á dag leikskólans með mismunandi hætti./The day of the kindergarden is celebrated on 6th february differently each year.

Mömmu og ömmu kaffi/Mothers and grandmothers visit: Mæðrum og ömmum boðið í konudagskaffi föstudag fyrir konudaginn. Boðið er upp á kaffi og veitingar./Mothers and grandmothers are invited for a visit on a Friday before womensday, and offered coffee and refreshments.

Bolludagur/Buns-day

Haldið er upp á bolludaginn með fiskibollum í hádeginu og rjómobollum í kaffitímanum./ We celebrate buns-day by having fishbuns for lunch and buns with cream for tea-time.

Sprengidagur/Mardi gras

Haldið er upp á sprengidag með því að borða saltkjöt og baunasúpu í hádeginu./ We celebrate Mardi gras by eating salted meet and pea-soup for lunch.



Öskudagur/Ash Wednesday

Börnin mega mæta í búning eða náttfötum og haldið er öskudagsball í sal leikskólans. Í hádeginu er boðið upp á regnbogaskyr og regnbogabrauð./ The children can wear a costume or pyjamas to school and there is a ash Wednesday ball in the schools hall. For lunch we have rainbow skyr and bread.

Mars/March

Páskaveisla, gulur og grænn dagur/Easterfeast, yellow and green day.

Allir mæta í einhverju gulu eða grænu og boðið er upp á lambakjöt í hádegismat. Börnin útbúa páskakörfur og fá lítið páskaegg og saltstangir sem þau taka með sér heim./ Everyone wears something yellow or green and at lunch time we eat lamb. The children make a little easter basket and each get a small easter egg and some pretzel sticks.

Foreldraviðtöl/Parent-teacher meetings

Foreldrar eru boðaðir í samtali með deildarstjórum/hópstjórum./ Parents are invited for a meeting with the child's teacher.

Apríl/April

Afmæli leikskólans/The schools birthday

Haldið er upp á afmæli leikskólans með mismunandi hætti ár hvert. Þegar leikskólinn á stór afmæli er foreldrum og aðstandendum boðið á opið hús./The schools birthday is celebrated differently each year. When the school has a big birthday like 10 or 15 years parents are invited to an open house.

Maí/May

Hjóladaður/Bicyckleday

Börnin koma með hjól í leikskólann og fá að hjóla í útiveru. Leikskólalóðinni er skipt upp í svæði eftir deildum. /The children can bring their bicycles to school



and can ride them outside in the schools yard. The playground is divided between the homerooms.

Útskriftarferð elstu barnanna/Graduation trip for the oldest children

Elstu börnin fara í útskriftarferð á hverju ári sem skipulögð er af Lionsmönnum

Sumarhátíð leikskólans/Summer festival

Á hverju ári er sumarhátíð leikskólans í boði foreldrafélags leikskólans./ Each year we have a summerfestival sponsored by the parent association of Holtakot.

Júní & júlí/June & July

Hatta og sólgleraunadagur/Hats and sunglass day.

Allir mæta með hatta og/eða sólgleraugu í leikskólann./Everyone brings a hat and/or sunglasses to school.

Kerru og dúkkuvagna dagur/Stroller and dollcarriage day.

Börnin mega koma með dúkku kerru eða vagn með sér í leikskólann. Allir fara í smá gönguferð saman með kerrurnar og vagnana sína./ Everyone can bring a stroller and doll carriage to school. All the kids and staff take a little walk together with their strollers and carriages.

Sumarstarf/Summer plan.

Boðið er upp á spennandi verkefni í útiveru á sumrin sem eru frábrugðin hinu hefðbundna skólastarfi yfir veturinn./ Different projects outside that are different from the usual work we do during winter.

Ágúst/August

Hjóladaur/Bicyckleday

Börnin koma með hjól í leikskólann og fá að hjóla í útiveru. Leikskólalóðinni er skipt upp í svæði eftir deildum. /The children can bring their bicycles to school



and can ride them outside in the schools yard. The playground is divided between the homerooms.

Flutningur á milli deilda og aðlögun nýrra barna/ Moving between homerooms and adjustment for new children

Í ágúst á hverju ári er flutningur á milli deilda þar sem eldri börn flytjast á milli deilda og ný börn koma í aðlögun. /In August each year older children move between home-rooms and new children adjust in to the school.

September/September

Blár dagur/Blue day

Allir mæta í einhverju bláu/Everyone wears something blue to school.

Október/October

Slökkviliðið í heimsókn/Firedepartment comes to visit.

Slökkviliðið heimsækir elstu börnin, er með örlitla fræðslu fyrir þau um eldvarnir og þau fá að skoða slökkviliðsbílinn eða sjúkrabílinn./Firefighters come to visit the oldest children to educate them about the risks of fire and the kids get to take a look at the firetruck or an ambulance.

Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. Október/International teddybear day 27. October.

Börnin koma með uppáhalds bangsann sinn í leikskólann. /The children can bring their favorite teddy bear to school.

Foreldraviðtöl/Parent-teacher meetings

Foreldrar eru boðaðir í samtál með deildarstjórum/hópstjórum./ Parents are invited for a meeting with the child's teacher.



Nóvember/November

Piparkökubakstur/Baking ginger cookies

Börnin fá að baka piparkökur með aðstoð starfsmanna/The children get to bake ginger cookies.

Gerkarlabakstur/ Yeast dough baking

Börnin baka gerkarla sem þau skreyta með negulnöglum. / The children bake yeast dough men and decorate with clove.

Desember/December

Aðventukaffi, rauður dagur/Advent coffee, red day

Aðstandendum er boðið í aðventu kaffi, boðið er upp á smákökur, heitt kaffi og heitt súkkulaði með rjóma og allir mæta í einhverju rauðu./The child's family is invited to an open house because of advent. Guests are invited to have cookies, coffee and hot chocolate with whipped cream.

Kveikt á jólatrjám við Bessastaði/The lights tuned on the christmas trees at Bessastaðir.

Elstu börnunum er boðið að vera viðstödd þegar forseti Íslands kveikit á jólatrjámum við Bessastaði./The oldest children are invited to be present when the president of Iceland turns on the christmas lights for the trees at Bessastaðir.

Jólatréð skreytt/Decoration of the christmas tree

Elstu börn leikskólans fá að skreyta jólatréð í salnum fyrir jólaballið./The oldest children get to decorate the christmas tree for the dance.

Jólaball og jólamatur/Christmas dance and christmas lunch

Jólaball leikskólans er haldið í sal leikskólans á leikskólatíma, foreldrum er ekki boðið að taka þátt í jólaballinu sökum plássleysis í salnum okkar. Sama dag er jólamatur í hádeginu fyrir börnin og starfsfólk./The schools christmas dance is held in our schools gym during school hours. Parents are not invited to participate because of lack of space in our gym. At lunch time the same day we get christmas lunch.

Annað/Other

Dansnámskeið/Dancing classes

Sex vikna dansnámskeið að hausti í boði foreldrafélagsins, Dagný Björk Pétursdóttir danskennari kemur og kennir börnunum skemmtilega barnadansa. Námskeiðið endar með myndbandsupptöku sem sýnd er á opnu húsi á yngri deildum og danssýningu fyrir foreldra á eldri deildum./Six week long dancing classes, Dagný Björk Pétursdóttir dancing instructor comes to the school and teaches the children to dance. The last class is taped with the younger children for parents to see at open house before christmas. With the older children parents are invited to come and watch the last class.

Tónlistarnámskeið/Music classes

Sex vikna tónlistarnámskeið að hausti í boði foreldrafélagsins. Linda Margrét Sigfúsdóttir tónlistarkennari er með tónlistarkennslu fyrir öll börnin á Holtakoti. Síðasta kennslustundin er tekin upp á myndband sem síðan er sýnt á opnu húsi á aðventu. / Music classes for six weeks in september. Linda Margrét Sigfúsdóttir music teacher comes to the school and teaches them new songs and games threw music. The las class is taped for parents to view at open house before christmas.

Sumarfrí/Summerholiday

Leikskólar Garðabæjar eru opnir allt sumarið en foreldrum ber skylda til þess að taka 4 vikna samfelld sumarfrí fyrir börnin. Orlofstímabilið er frá 15. Maí til 30. September og þarf sumarfríið að vera innan þess tímabils. /In Garðabær the Kindergartens do not close during summer, but parents are recuierd to take a straight 4 week holiday for their children. The vacation period is from May 15th to September 30th.



Gátlisti fyrir fyrsta samtál við foreldra - deildastjórar

Þegar leikskólaganga barna hefst er mikilvægt að strax myndist góð tengsl á milli leikskóla og heimilis. Gagnkvæm virðing milli foreldra og leikskóla er grundvöllur þess að barninu líði vel og að það fái notið sín. Foreldrar eru fyrstu kennarar barnanna og þar er hlutverk leikskólakennara að koma á góðum samskiptum við foreldra þannig að gott samstarf sé um velferð barnsins.

Strax í upphafi þarf að tryggja að ákveðinn starfsmaður sinni aðlögun og fyrstu samskiptum við fjölskylduna og að hann sé öruggur hlekkur eða lykilpersóna á milli heimilis og skóla. Leikskólinn þarf að fá góðar upplýsingar um barnið og heimilisaðstæður þess og ekki er síður mikilvægt að leikskólinn veiti foreldrum greinagóðar upplýsingar um skólastarfið.

Foreldrar koma án barns í fyrsta samtál.

Tveir starfsmenn sitja samtöl við erlenda foreldra.

Mjög mikilvægt er að það liggi fyrir þegar foreldrar koma í fyrsta samtál hvaða fatahólf barnið fái og að búið sé að merkja það þegar barnið byrjar.

Mikilvægt er að lykilpersóna barnsins sé foreldrum innan handar í aðlöguninni.

Taka skal vel á móti foreldrum og sýna þeim að þau séu velkomin. Upphafið skiptir öllu máli fyrir samskipti til framtíðar.



Samtalið

- Foreldrar eru boðnir velkomnir.
- Starfsfólk deildarinnar er kynnt.
- Foreldrar eru spurðir hversu margir verða með barninu í aðlögun þess.
- Foreldrar á yngri deild beðnir um að koma með fjölskyldumyndir á grátmúra deildar.
- Starfsmaður fær upplýsingar um barnið hjá foreldrum. Eyðublað 7 fyllt út.
- Farið er yfir dagskipulag deildarinnar og þættir þess útskýrðir.
- Ef barnið er af erlendu bergi brotið eru foreldrar beðnir um að búa til orðabók fyrir starfsfólkið með nokkrum orðum sem eru mikið notuð í leikskólanum.
- Rætt er við foreldra um klæðnað barnsins. Nauðsynlegt sé að barnið hafi alltaf með sér viðeigandi klæðnað og aukaföt í leikskólann.
- Útskýra fyrir foreldrum að á Íslandi fari börn út þrátt fyrir kulda.
- Foreldrum bent á að merkja fatnað barna sinna vel og fylgjast með því hvort blaut og/eða óhrein föt séu í hólfi barnsins.
- Segja foreldrum að þau þurfi að tilkynna frí og veikindi, einnig að láta vita hvað er að barninu vegna skráninga í heilsubók barnsins.
- Minnst á að mesta starfsemin fari fram á morgnana.
- Segja foreldrum að sælgæti sé ekki leyfilegt í leikskólanum.
- Láta foreldra vita að börnin í leikskólanum séu hvött til að smakka allan mat.
- Foreldrum sýnd deildin og fatahólf barnsins.
- Útskýra þá skyldu sem við berum með að tilkynna til barnaverndar.



Foreldrasamtal

Upplýsingar um barn sem er að hefja leikskólagöngu (deildarstjóri skráir)

Nafn barns: _____ Fæð.dagur/ár _____

Hvað er barnið kallað heima? _____

Þjóðerni barnsins: _____

Heimilisfang: _____ sími: _____

Dvalartími barns: _____

Hve lengi hefur barnið búið á Íslandi? _____

Nafn móður: _____

Upprunaland: _____ Tungumál: _____

Vinnustaður: _____ Vinnusími: _____

Nafn föður: _____

Upprunaland: _____ Tungumál: _____

Vinnustaður: _____

Vinnusími: _____

Netfang foreldra: _____

Tala foreldrarnir íslensku? _____

Hvaða tungumál talar barnið? _____

Hvaða tungumál talar móðir við barnið? _____

Hvaða tungumál talar faðir við barnið? _____

Hvaða tungumál tala foreldrarnir við hvort annað? _____

Vilja foreldrarnir túlk í viðtölum: Já () Nei()

Ef já, einhvern sérstakan? _____

Á barnið systkini?

Nafn: _____ Fæðingard. og ár _____

Nafn: _____ Fæðingard. og ár _____

Nafn: _____ Fæðingard. og ár _____

Nafn: _____ Fæðingard. og ár _____

Fjölskyldugerð: _____

Forræði/skipulag umgengnisréttar: _____

Hverjir hafa leyfi til að sækja barnið fyrir utan foreldra? (ath. Viðkomandi verður að vera orðinn 12 ára)

Nafn: _____ Sími: _____

Nafn: _____ Sími: _____

Nafn: _____ Sími: _____

Nafn: _____ Sími: _____

Hefur barnið verið áður í leikskóla? Ef já, hvaða? _____

Hefur barnið verið í gæslu hjá dagmóður eða skyldmendum? _____

Þekkir barnið einhvern í leikskólanum? Ef já, hvern? _____

Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera? _____

Hvernig er skaplyndi barnsins? _____

Væntingar til leikskólans? (Líta foreldrar á leikskólann sem vettvang menntunar og/eða uppeldis og umönnunar?) _____

Hvert er viðhorf foreldra til útiveru? _____

Heilsufar barnsins:

- Hefur barnið legið á sjúkrahúsi? Hvenær, hvers vegna og hvar? _____

- Hefur barnið fengið allar bólusetningar? _____

- Ofnæmi: _____

- Astmi eða eyrnabólga: _____

- Hitakrampi: _____

Matarvenjur:

- Er barnið á sérfæði? _____

- Má barnið borða allan mat? _____

- Hver er uppáhalds matur barnsins? _____

Notar barnið bleiu? _____

Hvíld barnsins:

- Sefur barnið á daginn? Hversu lengi? _____

- Notar barnið snuð eða mjúkt dýr? _____

- Sefur barnið í vagni eða inni? _____

- Hvernig er barnið að fara að sofa? (rólegt/órólegt) _____

Er eitthvað annað sem foreldrar vilja að komi fram? _____

Aðlögun hefst: _____



Teacher - parent conversation

Information about the child

Child's name: _____ Birthday/year _____

What is the child called at home? _____

Child's nationality: _____

Address: _____ Phone: _____

Duration time at kindergarten: _____

How long has the child lived in Iceland? _____

Mother's name: _____

Country of origin: _____ Language: _____

Workplace: _____ Work number: _____

Father's name: _____

Country of origin: _____ Language: _____

Workplace: _____ Work number: _____

Parent's e-mail address: _____

Do the parents speak Icelandic? _____

Which language does the child speak? _____

Language the mother speaks with the child? _____

Language the father speaks with the child? _____

Language the parents speak with each other? _____

Do the parents wish to have an interpreter during interviews: Yes () No ()

If yes, someone special? _____

Does the child have any siblings?

Name: _____ Birthday/year _____

Name: _____ Birthday/year _____

Name: _____ Birthday/year _____

Name: _____ Birthday/year _____

Family structure (married, separated, single): _____

Access rights arrangement: _____

Who has permission to pick up the child from kindergarten? (Must be older than 12 years old):

Name: _____ Phone number: _____

Name: _____ Phone number: _____

Name: _____ Phone number: _____

Name: _____ Phone number: _____

Do the parents know many people in Iceland? _____

Has the child been in kindergarten before in Iceland or another country? If yes which one?

Has the child been in someone else's care in a day-care or with a relative?

Does the child know someone at the kindergarten? If yes who? _____

What does the child like to do most of all? (Favorite things to play with)

What are the child's personal characteristics? (good-humoured, shy, withdrawn, difficult) _____

Expectations towards the kindergarten (Do the parents see it as a venue for education and/or upbringing and care)? _____

What opinion do the parents have towards outdoor activities? _____

The child's health:

- Has the child ever been hospitalized? When, where and why?

- Diseases: _____
- Has the child gotten all vaccinations? _____
- Allergies: _____
- Asthma or ear infections: _____
- Fever cramp: _____

Dietary habits:

- Does the child need a special diet? _____
- Can the child eat all food? _____
- What is the child's favourite food? _____

Does the child use a diaper? _____

Sleeping:

- Does the child sleep during the day? For how long? _____
- Pacifier and/or teddy bear? _____
- How does the child fall asleep? _____

Do you want to add anything? _____

Adjustment starts: _____



ORÐABÓK BARNINS

Halló: _____

Ég heiti:

Já: _____ Nei: _____

Góðan daginn: _____

Velkomin(n): _____

Ertu glaður: _____

Ertu leiður: _____

Parftu að fara á klósettið: _____

Það er kominn matur: _____

Takk fyrir daginn: _____

Sjáumst á morgun: _____



Aðlögun á milli deilda

- Börnin byrja í aðlögun í lok ágúst.
- Aðlögun innanhúss tekur 3 - 4 daga. Starfsmaður fylgir barni á nýju deildina og **metur hversu lengi hann þarf að vera með því**, ef deildin er ekki öll að flytjast yfir.

Dagur 1: Barnið kemur í heimsókn á nýju deildina eftir morgunmat. Það dvelur frá 9 - 11.00.

Dagur 2: Barnið dvelur fram að hádegi og borðar hádegismat, frá 8.30 - 12.00.

Dagur 3: Barnið borðar hádegismat og fer í hvíld (á yngri deildum). Það dvelur frá 8.30 - 14.00

Dagur 4: Barnið kemur á gömlu deildina um morguninn og fær aðstoð við að færa hólfið sitt yfir á nýju deildina. Barnið dvelur svo allan daginn á nýju deildinni.

- Deildastjóri þeirrar deildar sem barnið er á upplýsir deildarstjóra eldri deildar um fyrirhugaða framkvæmd aðlögunar.
- Í maí tilkynnir deildarstjóri þeirrar deildar sem barnið er á foreldrum um fyrirhugaðan flutning barns.
- Deildarstjóri þeirrar deildar sem barnið dvelur á, fer með foreldrum og sýnir þeim nýju deildina. Hann kynnir deildarstjóra nýju deildarinnar fyrir foreldrum.
- Foreldrum er boðið upp á samtál við deildastjóra þegar barnið hefur verið um það bil mánuð á nýju deildinni.



Aðlögun barna af erlendum uppruna – atriði sem vert er að hafa í huga.

Að byrja í leikskóla er stórt skref fyrir öll börn, og enn erfiðari þeim börnum sem ekki eiga íslensku að móðurmáli. Mikilvægt er að leikskólinn sé vel undirbúinn og að umhverfið sé hlýlegt og hvetjandi. Því betur sem tekst til því öruggara verður barnið og fer að reyna sig áfram með íslenskuna. Um leið og sjálfstraust barnsins eykst fer það að kanna umhverfi sitt.

Ein leið til þess að auðvelda aðlögun er að útbúa litla bók/möppu með myndum af leikskólanum, deildinni, og kennurum barnsins sem hægt er að afhenda foreldrum í fyrsta samtali áður en aðlögun hefst. Með þessu móti getur barnið skoðað myndirnar af leikskólanum og rætt þær við foreldra sína.

Þættir sem hafa áhrif á aðlögun tvítyngda barnsins:

- Hversu lengi barnið hefur verið á Íslandi
- Fyrri reynsla þess að hafa verið aðskilið frá foreldrum.
- Þekking kennara á menningarlegum bakgrunni barnsins
- Hvort móðurmál barnsins sé viðurkennt í leikskólanum
- Hljýja og virðing starfsfólksins fyrir einstaklingnum
- Heimilisaðstæður og stuðningur fjölskyldu
- Persónuleiki barnsins og sjálfstraust

Hver aðlögun á að miðast við barnið sem í hlut á. Stundum er þörf á að fara hægar í aðlögun sérstaklega ef barn er að fara frá foreldrum sínum í fyrsta sinn. Mikilvægt er að foreldrar tali móðurmál sitt við barnið. Móðurmálið er mikilvægur grunnur áður en barnið fer að læra önnur tungumál og kunnátta í því veitir barninu öryggi. Einnig þurfa börn og foreldrar að geta rætt saman um hluti í leikskólaumhverfinu sem kemur í veg fyrir að myndist bil á milli heimilis og skóla.

Þegar barn af erlendum uppruna byrjar í leikskóla er mikilvægt að hafa í huga eftirfarandi atriði:

- Að skólinn viðurkenni fjölbreytileikann og líti á það sem kosti og tækifæri.
- Að skólinn útvegi túlk þegar við það á við t.d. í viðtölum.

- Að starfsfólk skólans kynni sér viðhorf til barna og uppeldis í öðrum menningarheimum t.d. með upplýsingum frá foreldrum, úr bókum eða af netinu.
- Gott er að hafa mikilvægar upplýsingar í skriflegu formi þar sem að erfitt getur verið að meðtaka miklar upplýsingar á tungumáli sem maður skilur ekki til fulls. Hætta er á að foreldrar sem tala annað mál en íslensku nái ekki öllum þeim upplýsingum sem fram koma.

Upplýsingar fengnar af vefnum www.allirmed.is



Atriði sem vert er að hafa í huga þegar börn læra nýtt tungumál - fyrir starfsmenn

Hvernig læra lítil börn nýtt mál?

Öll börn sem eru að læra ný orð læra best með því að nota öll skynfærin og gera hlutina sjálf. Ef barn fær t.d. að snerta, bragða á og lykta af sítrónu og jafnvel heyra hljóðið sem kemur þegar hún dettur í gólfið, festir það orðið sítróna betur í minni heldur en ef barnið fengið aðeins að sjá mynd af sítrónu. Mikilvægt er að kenna barninu orð sem tilheyra grunnorðaforða þess t.d. þau orð sem notuð eru á heimilinu en ekki í leikskólanum. Málörvun og íslenskunám fer fram allan daginn. Langmesta námið fer fram hjá barni við raunverulegar aðstæður á meðal annarra barna sem tala góða íslensku og þar sem enn fremur er lögð áhersla á tilfinninga- og félagsþroska.

Hvað ræður því hvernig börn læra nýtt mál?

Áhugahvöt- hafa börnin áhuga og vilja læra nýtt tungumál?

Aðgangur að tungumálinu - eru börnin nýkomin til landsins, þekkja þau einhverja sem tala íslensku eða velja þau að leika við og eiga samskipti við þá sem tala íslensku?

Aldur - hvar er barnið stadd í máltöku móðurmáls? Mjög ung börn eiga það til að vera lengur á því stigi að nota heimamálið og einnig á þögla stiginu, auk þess sem það getur seinkað málþroska þeirra almennt. Börn sem eru orðin eldri þurfa að fá vitsmunalega ögrun sem helst í hendur við það mál sem þau eru að læra.

Persónuleiki - opin og félagslynd börn eru oft fljótari að tileinka sér annað mál heldur en lokuð og feimin börn.

Lestur og bókmenntir

Þegar verið er að lesa bók fyrir börn með annað tungumál en íslensku er gott að skipta ferlinu í þrennt. Þetta þrískipta lestrarferli er í raun alveg samhljóma könnunaraðferðinni og getur reynst mjög gagnleg.

Íslenska í daglegu starfi

Ekki þarf sérstakt námsefni í íslenskukennslu barna á leikskólaaldri. Allt í leikskólanum, leikefni og öll verkefni ættu að henta vel til þess að örva málþroska. Kennarar þurfa hins vegar að þekkja þær aðferðir sem eru líklegar til árangurs. Ekki þarf að búa til sérstakar málörvunaraðstæður eða hópa heldur tryggja að barnið læri í leik og starfi í samskiptum við önnur börn og fullorðna. Það skiptir þó máli að velja verkefni við hæfi og ekki síður að athuga hvaða forsendur barnið hefur til þess að læra íslensku.

Kannið stöðu barnsins í íslensku og móðurmáli og skipuleggið íslenskunámið út frá því hvar hvert einstakt barn er stött. Það er á ábyrgð leikskólakennarans að gera umhverfi barnsins eins örvandi og hægt er þannig að barnið fái hvatningu og vilja til þess að deila hugsunum sínum og hugmyndum.

Það sem vert er að hafa í huga:

- Gott er að nota myndir og áþreifanlega hluti til að tryggja að börn sem ekki tala íslensku skilji frekar fyriræli og það sem verið er að tala um t.d. í samverustundum.
- Veitið börnunum eins mikla einstaklingsathygli og vöð er á, sérstaklega þegar þau eru að byrja í leikskólanum. Gefið þeim tíma til þess að hlusta og skilja og bregðast við, reynið að halda augnsambandi og gefið börnunum stöðugt til kynna að þau standi sig vel og þið takið eftir þeim.
- Í stað þess að letja börn til þess að tala móðurmál sitt í leikskólanum ætti að hvetja þau til þess á virkan hátt og viðurkenna um leið að öll börn hagnast á því að heyra ólík tungumál.
- Ekki leiðrétta íslensku barnanna, endurtakið frekar lykilorðin í setningum með eðlilegri röddu.
- Leggið ykkur fram um að meta öll tungumál til jafns og hvetjið börn til þess að nota móðurmál sitt þegar við á.
- Viðurkennið og styðjið við orðlaus tjáskipti, ágiskanir, andlitssvipi, líkamstjáningu, myndir og tákn á meðan barn er að ná tökum á íslensku.
- Mikilvægt er að gera ekki of miklar kröfur til barns sem er að læra íslensku, ekki fyrr en það er orðið öruggt í leikskólanum, farið að líða vel, farið að eignast vini og geri sjálf tilraunir til þess að nota málið.
- Tryggið að börn þroski og þjálfu íslenskuna í innihaldsríku málumhverfi í gegnum leik og störf.

- Það að barn tali annað tungumál er ekki vandamál, lítið frekar á það sem tækifæri til þess að gera leikskólastarfið enn betra.
- Myndrænt efni getur ýtt undir skilning bæði barna og foreldra, t.d. myndrænt dagskipulag, myndrænar samskiptabækur á milli heimilis og skóla og orðalisti með myndum. Auðvelt er að útbúa lítinn bækling með myndum af því sem þarf að vera með í leikskólanum og lýsing á útiveru til að skýra markmið með útiveru. Einnig er hægt að útbúa einfaldar lýsingar á námssviðum leikskólans með ljósmyndum úr starfinu.

Upplýsingar fengnar af vefnum www.allirmed.is



Gátlisti fyrir foreldrasamtal 2 - Deildarstjóri

- Hvernig haldið þið að barninu líði í leikskólanum?
- Fara yfir máltíðir í leikskólanum. Hvernig gengur? Hvernig finnst foreldrum barninu líða í matartímum í leikskólanum?
- Hvað finnst foreldrum um upplýsingaflæði milli heimilis og leikskóla?
- Kynna heimasíðu leikskólans
- Segja frá hefðum leikskólans
- Samstarf milli leik- og grunnskóla (fyrir eldri börnin)
- Mikilvægi þess að talað sé við barnið á móðurmáli þess (þar sem við á)
- Segja foreldrum frá barnavernd á Íslandi, útskýra tilkynningaskyldu okkar og brýna fyrir foreldrum mikilvægi þess að hugsað sé vel um barnið (tennur, fatnað, hreinlæti).



Endurmat foreldra

(Tölvupóstur sendur til foreldra eftir að aðlögun er lokið)

Kæru foreldrar

Mig langar að biðja ykkur að svara nokkrum spurningum um hvernig ykkur finnst aðlögunarferlið hafa gengið.

- Hvernig hefur ykkur fundist aðlögunin ganga?
- Er eitthvað í aðlögunarferlinu sem mætti betur fara?
 - Hafið þið einhverjar tillögur að úrbótum?
- Voruð þið ánægð með starfsfólk deildarinnar í aðlöguninni?
- Hefði starfsfólk mátt útskýra eitthvað betur fyrir ykkur?
- Hvernig finnst ykkur barninu ykkar líða eftir leikskólann?

Gott væri ef þið mynduð senda mér svörin ykkar á netfangið

(Netfang deildastjóra)

Með fyrirfram þökk

Deildarstjóri (nafn deildar)



Endurmat á aðlögun

Ártal: _____

Nafn deildar: _____
